

Ed.

211. Nefndarálit

nm frv. til laga nm breyting á lögum nr. 55, 31. maí 1927, um viðanka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, nm greiðslu verkkaups.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fellst á frv. og telur rétt, að löginn nm greiðslu verkkaups nái einnig til iðnaðarmanna, svo sem þar er gert ráð fyrir. En þar sem löginn um þetta mundu verða í mörgu lagi, vill nefndin taka eldri löginn npp í frv., og lúta

breytingartillögurnar að því; aðeins er orðalagi laganna frá 1902 lítilsháttar breytt, en engin efnisröskun er á þeim gerð. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verður 1. gr., svo hljóðandi:

Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglannamönnum við verzlunir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á skipum, sem á fiskiveiðar ganga, síldveiðar eða hvalveiðar, hvort sem eru seglskip, mótorbátar eða gúfuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflannum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglannamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir, og má eigi greiða kanpið með skuldajöfundi, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið.

Sama er og, ef verk er nennið í ákvæðisvinnu við einhverja þessa atvinnugrein.

2. 1. gr. verði 2. grein og 1. lína falli niður.

3. 2. gr. verði 3. grein og skal hljóða svo:

Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 2. gr. fyrstu málgr., í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt út að minnsta kosti vikulega, ef verkinu, sem kaupfaxtinn eða nmsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sé ekki öðruvísi um samið, þegar verkinn er lokið.

Sama gildir um iðnaðarmenn, er taka að sér verk og vinna það fyrir ákveðið kaup eða taka að sér verk í ákvæðisvinnu, ef iðnaðarmaður vinnur verkið einn, eða með venzlamönnum sínum, með atvinnufélaga eða með nemendum, er hann hefir tekið til iðnnáms.

4. 3. gr. verði 4. grein og fyrsta lína falli niður.

5. Í stað 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 5. og 6. gr. og hljóði svo:

a. Með lögnum þessum eru úr gildi númin lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups, og lög um viðauka við þau lög, nr. 55, 31. maí 1927.

b. Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. Fyrirsögn frv. skal vera: Frv. til laga um greiðslu verkkaups.

Alþingi, 3. marz 1930.

Jón Baldvinsson,
form. og frsm.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari.

Jóh. Jóhannesson.